



Félag leiðsögumanna
Mörkinni 6
108 Reykjavík

www.touristguide.is

info@touristguide.is

Skrifstofutími:

Mánud. og þriðjud. kl. 16 -18

Fimmtud. og föstud. kl. 14 – 16

Lokað á miðvikudögum.

Alþingi

Erindi nr. Þ 131/1560

komudagur 25.4.2005

Frá Félagi leiðsögumanna.

Umsögn um frumvarp til laga um skipan ferðamála.

131. löggjafarþing 2004–2005.

Þskj. 1097 — 735. mál.

Félag leiðsögumanna á Íslandi hefur farið yfir frumvarp til laga um skipan ferðamála og vill benda á að leiðsögumenn erlendra ferðamanna eru hvergi nefndir í frumvarpinu.

Meginþorri erlendra ferðamanna á Íslandi eru hér vegna náttúru og sögu landsins. Flestir þeirra fara í skipulagaðar ferðir um landið og oftast en ekki með leiðsögumönnum.

Í Félagi leiðsögumanna eru yfir 500 félagsmenn sem lokið hafa námi í Leiðsöguskóla Íslands sem kennir samkvæmt námskrá Menntamálaráðuneytisins.

Með bréfi þessu fylgja nokkrar athugasemdir.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags leiðsögumanna,

Asta Óla Halldórsdóttir

Asta Óla Halldórsdóttir, formaður.

Landinu virðing – lífinu hlýja

Athugasemdir við frumvarp til laga um skipan ferðamála.

131. löggjafarþing 2004–2005.

Þskj. 1097 — 735. mál.

I. Kafli

Tilgangur og yfirstjórn.

3. gr. Félagi leiðsögumanna finnst þessi grein óskýr og frekar einkennilegt að framkvæma ferðamál.

Því færi betur á að segja:

Ferðamálastofa hefur umsjón með ferðamálum samkvæmt lögum þessum, svo og því sem henni er falið í öðrum lögum.

4. gr. Fl getur ekki séð að gæðamál séu samnefnað við að framfylgja markaðri ferðamálastefnu.

Því færi betur á að segja:

Framfylgja markaðri ferðamálastefnu hvað varðar þróunar-og skipulagsmál ferðaðþjónustu. Stuðla að auknum gæðum þjónustunnar. Samræming starfsemi á sviði umhverfis- og fræðslumála, miðlun upplýsinga, svæðisbundin þróun og alþjóðlegt samstarf.

5. gr. Hér kemur fram hverjir tilnefna fulltrúa í ferðamálaráð. Leiðsögumenn eiga þar ekki sæti og þarf að bæta úr því.

Röksemdir:

Leiðsögumenn erlendra ferðamanna eru þeir ferðaðþjónustuaðilar sem eru í hvað nánustum og mestum samskiptum við þá ferðamenn sem sækja Ísland heim. Þeir sem vinna á skrifstofum slitna því miður oft úr tengslum bæði við ferðamenn og leiðsögumenn vegna þess hve mikill munur er á skrifstofustörfum og leiðsögustörfum á vettvangi.

Fleiri en áður eru sjálfstætt starfandi. Margir þeirra hafa starfað við leiðsögn og fara út frá því starfi í ökuleiðsögn og ferðaskrifstofurekstur. Ökuleiðsögn hefur færst í vöxt og öryggismál þeirra sem hana stunda er stöðugt til umræðu og ferðamálaráð þarf að vera meðvitað um þróun þeirra mála.

Hugmyndir leiðsögumanna eru oft á tíðum væntanlegir vaxtarbroddar ferðaðþjónustunnar. Ótækt er að skorið sé á tengsl þeirra við ferðamálaráð. Stefnumörkun þeirra sem eru í forsvari, s.s., ráðherra er mikilvæg, en hugmyndir og reynsla þeirra sem vinna á vettvangi eru einnig lífsnauðsynlegar fyrir greinina.

Einnig gæti það gagnast ferðamálaráði að hafa leiðsögumann innan sinna raða þar sem Fl er meðlimur í FEG (Félagasamtök leiðsögumanna í Evrópu) og IGC (Félagasamtök norræna leiðsögumanna).

Þess vegna telur Fl mikilvægt að fá sæti í ferðamálaráði og brúa þannig bilið milli ferðamanna og ferðamálaráðs.

II. KAFLI Orðskýringar

Í 7. gr. lið 1 er orðskýring fyrir Ferðaskipuleggjanda.

Þessi grein lýsir meira og minna verksviði leiðsögumanna.

Röksemd:

Ferðaskrifstofur leita til ferðaskipuleggjanda svo og til leiðsögumanna fyrir sína viðskiptavini. Leiðsögumenn sjá um skipulagningu og afþreyingu fyrir hópa og einstaklinga, þeir þjónusta erlenda ferðamenn sem sækja hingað fundi, sýningar og ráðstefnur, þeir fylgja farþegum í hestaferðir, vélsleðaferðir, fljótasiglingar og ævintýraferðir svo fátt eitt sé nefnt.

Enginn leiðsögumaður er fastráðinn sem leiðsögumaður erlendra ferðamanna hjá íslenskum ferðaskrifstofum. Allir leiðsögumenn eru lausráðnir þ.e. ráðnir í einstaka ferðir og margir starfa sem einyrkjar eða sem verktakar. Einnig eru starfandi ökuleiðsögumenn sem leggja sumir hverjir til farartæki og bjóða ferðir í atvinnuskyni og eru leigðir af ferðaskrifstofum sem bjóða þá fram til viðskiptavina sinna og ættu þeir því að teljast ferðaskipuleggjendur skv. orðskýringum í lið 6.

Liður 6 í 7. gr.

Fl sýnist því rétt að skilja frumvarpið þannig að allir leiðsögumenn ekki aðeins ökuleiðsögumenn skv. ofansögðu þurfi að fá útgefið leyfi hjá Ferðamálastofu.

Röksemd:

Leiðsögumenn hafa oftast stopula vinnu og geta af þeim sökum verið ráðnir í vinnu 1-2 daga af ferðaskrifstofu sem ökuleiðsögumenn. Síðan tekur við afþreying (leiðsögn) í rútufarferð fyrir annað fyrirtæki. Leiðsögumenn eru því að selja þjónustu sína gegn gjaldi eins og segir í 7. gr.

Fl telur því æskilegt að allir leiðsögumenn sem eru starfandi verið látnir sækja um starfsleyfi hjá Ferðamálastofu án tillits til þess hvaða þjónustu þeir eru að selja hverju sinni þar sem hún er breytileg frá degi til dags.

Æskilegt er að Ferðamálastofa setji þau skilyrði fyrir leyfisveitingum að leiðsögumaður hafi lokið prófi frá leiðsöguskóla sem uppfyllir þau skilyrði sem Menntamálaráðuneytið setur. Slíkt leyfi væri gæðastimpill sem ætti að auðvelda ferðaskrifstofum að ráða hæfa leiðsögumenn til starfa og markaðssetja sig betur.

A. O. H.